



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Matsskýrsla 2014 – 2015



---

*Menntun*

*Sjálfstæði*

*Ánægja*

---

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>1. HLOTVERK, GILDI OG FRAMTÍÐARSÝN</b> .....	<b>2</b>
1.1 SKÓLAÞRÓUN OG SJÁLFSMATSÆÐFERÐIR.....	3
1.2 MATSSPURNINGAR .....	4
<b>2. SKÓLASAMFÉLAGIÐ</b> .....	<b>5</b>
2.1 STJÓRNUN .....	5
2.2 SKIPULAG SKÓLASTARFS - STARFSÁÆTLUN.....	6
2.3 SKIMANIR OG ÁRANGUR Í SAMRÆMDUM KÖNNUNARPRÓFUM.....	7
2.4 SAMRÆMD PRÓF .....	8
2.5 NEMENDUR OG LÍÐAN .....	10
2.6 SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA.....	12
2.7 AÐBÚNAÐUR SKÓLANS .....	13
2.8 VIÐMÓT OG MENNING SKÓLANS.....	14
2.9 TENGLSKÓLANS VIÐ LEIK- OG FRAMHALDSSKÓLA.....	14
<b>3. INNRA MAT</b> .....	<b>15</b>
3.1 KENNSLA- KENNSLUHÆTTIR, STARFSÞRÓUN OG FAGMENNSKA .....	15
3.2 UMBÓTAÆÐGERÐIR OG ÞRÓUNARSTARF .....	18
<b>4. MANNAUÐUR</b> .....	<b>19</b>
4.1 STARFSFÓLK – LÍÐAN, ÞARFIR, STARFSANDI OG SAMSTARF .....	19
<b>5. FJÁRMÁL</b> .....	<b>20</b>
<b>6. VIÐFANGSEFNI MATSTEYMIS</b> .....	<b>21</b>
<b>6. AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD MATSINS</b> .....	<b>24</b>
<b>7. LOKAORÐ</b> .....	<b>26</b>

## Inngangur

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur í grónu hverfi í austurbæ Kópavogs og í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal. Skólinn starfar í tveimur húsum, í Digranesi (Álfhólsvegur 100) fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og í Hjalla (Álfhólsvegur 120) fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsi HK og þar hefur Dægradvöl skólans fyrir nemendur frá 1. – 4. bekk einnig verið til húsa. Skólinn byggir á langri hefð fyrir framsæknu og árangursríku skólastarfi þar sem áhersla hefur verið lögð á þátttöku í margs konar þróunarverkefnum. Í skólanum er öflugt sérkennsluver, námsver fyrir einhverfa nemendur og móttökudeild fyrir nýbúa.

Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

## 1. Hlutverk, gildi og framtíðarsýn

### Hlutverk

Hlutverk Álfhólsskóla er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

### Gildi

Álfhólsskóli hefur þrjú megingildi að leiðarljósi: **Menntun – Sjálfstæði - Ánægja**

#### Menntun

Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

#### Sjálfstæði

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið.

#### Ánægja

Í Álfhólsskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.

### Framtíðarsýn

Álfhólsskóli verður meðal fremstu grunnskóla landsins.

Álfhólsskóli tekur vel á móti öllum nemendum og einsetur sér að útskrifa fróðleiksfúsa, virka og ánægða þjófélagsþegna með trú á eigin hæfileika og getu.

Samskipti heimila og skóla eru góð og einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Í Álfhólsskóla starfar samhentur hópur áhugasamra og hæfileikaríkra starfsmanna með fjölbreytta og faglega þekkingu.

- Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fá kennslu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfmynd.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks. Skólinn veitir faglega þjónustu og er með virkt og vel skipulagt stoðkerfi. Foreldrar eru ávallt velkomnir í Álfhólsskóla til að kynna sér innra starf hans. Skólinn veitir góðar upplýsingar um starfið.

- Álfhólsskóli veitir starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu, gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi. Skólinn tryggir starfsmönnum sínum tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Álfhólsskóli er vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi, byggður á mikilli samvinnu og upplýsingamiðlun starfsfólks.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf við skóla, félög og stofnanir. Skólinn er umhverfisvænn skóli sem starfar í anda Grænánans og sjálfbærrar þróunar. Álfhólsskóli er fyrirmynd annarra skóla í Kópavogi varðandi vistvæna starfshætti og umhverfisvernd.

## 1.1 Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir

Rökin fyrir því að meta skólastarf er einkum af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða utanaðkomandi hvata sem birtast í lögum og fyrirmælum stjórnvalda og hins vegar eru það innri hvatar, þ.e. löngun og þarfir starfsfólks, stjórnenda, foreldra og nemenda skólans til að gera gott skólastarf betra. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. gr. er fjallað um markmið með mati á skólastarfi. Þar segir að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum sé:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Í Álfhólsskóla er skólaþróun daglegur hluti af skólastarfinu og til þess að hún geti orðið markviss er nauðsynlegt að meta starfið með formlegum og reglubundnum hætti.

Álfhólsskóli var stofnaður vorið 2010 við sameiningu Digranes- og Hjallaskóla og hófst fyrsta starfsár hans þá um haustið. Skólaárið 2010 – 11 einkenndist af sameiningunni og stefnumótun hins nýja sameinaða skóla, Álfhólsskóla.

Álfhólsskóli mótaði starfshætti matsteymis vorið 2011 og setti fram matsáætlun til fimm ára í október sama ár. Samkvæmt þeirri matsáætlun voru matsþættir skólaársins 2014 – 2015 innan eftirtaldra viðfangsefna:

- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Umbótaáðgerðir og þróunarstarf
- Nám og námsárangur
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Stjórnun
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Samstarf heimila og skóla
- Viðmót og menning skóla
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma
- Aðbúnaður
- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat

Til að meta ofangreinda þætti var stuðst við ýmsar niðurstöður, t.d. úr rafrænni spurningakönnun meðal starfsfólks Álfhólsskóla, rafrænum foreldra- og nemendakönnunum frá skólupúlsinum, könnun á vegum teymisins Saman í sátt, stefnumótunardeginum, samræmdra prófa Námsmatsstofnunnar og LOGOS greiningar.

Í matsteymi fyrir síðasta starfsár voru: Freydís Þóra Aradóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, Kristbjörg Pálsdóttir grunnskólakennar, Sigrún Erla Ólafsdóttir grunnskólakennari og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur. Skólustjóri Álfhólsskóla, Sigrún Bjarnadóttir er ávallt ábyrgðarmaður matsteymis.

#### **Kannanir sem gerðar hafa verið á skólaárinu eru m.a.:**

- Mat á ýmsum viðfangsefnum og viðburðum. Starfsmenn skólans meta ýmis verkefni og viðburði til að taka ákvörðun um áframhaldandi vinnu, má þar nefna: foreldraviðtöl, námsmat, vordaga og margt fleira
- Stefnumótunardagur. Starfsmenn, foreldrar og nemendur í 1.-10.bekk tóku þátt í Stefnumótunardegi þar sem lagt var mat á ýmsa þætti í stefnu skólans og komið með hugmyndir að úrbættum. Rætt var um jafnrétti, námsmat, kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, heimanám og net- og símanotkun nemenda.
- Samræmd próf og LOGOS greining, sem miðar að því að gefa starfsfólki skólans hugmynd um stöðu og framvindu nemenda í námi
- Skólaláupsinn, rafræn könnun, sem miðar að því að veita starfsfólki skólans stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum um m.a. virkni nemenda, líðan þeirra í skólanum, um skóla- og bekkjaranda og viðhorf foreldra til skólans
- Teymið Saman í sátt lagði fyrir könnun um líðan og einelti í öllum árgöngum skólans
- Starfsmannakönnun meðal allra starfsmanna skólans þar sem könnuð var líðan, starfsánægja og afstaða til ýmissa þátta innan skólastarfsins.

## **1.2 Matsspurningar**

Álfhólsskóli setti fyrstu sjálfsmatsáætlanir til fimm ára í senn. Hægt er að lesa þær á heimasíðu skólans. Sjálfsmat er nauðsynlegt þegar kemur að því að meta markmið skólans, endurskoða þau og finna leiðir til umbóta. Í sjálfsmatsáætluninni koma fram helstu markmið matsins sem endurspeglar markmið skólans. Spurningar sem meðal annars er leitað svara við eru:

- Líður nemendum almennt vel í skólanum?
- Sýna kannanir að einelti innan skólans sé óverulegt eða ekkert?
- Er kennsla í námsgreinum samræmdra könnunarprófa að skila nemendum Álfhólsskóla viðunandi árangri miðað við landsmeðaltal?
- Hver er sýn nemenda og foreldra á nám og kennslu í Álfhólsskóla?
- Finnst nemendum góður agi í kennslustundum í Álfhólsskóla?
- Eru nemendur, foreldrar og kennarar ánægðir með skipulag og framkvæmd á heimanámi í Álfhólsskóla?
- Upplifa nemendur að það sé jafnrétti kynjanna í skólanum?
- Telja nemendur að nám í Álfhólsskóla sé einstaklingsmiðað?
- Telja nemendur að kennsluhættir í Álfhólsskóla sé fjölbreyttir?
- Þykir nemendum góður agi í kennslustundum í Álfhólsskóla?
- Hvað finnst nemendum um áherslur í námsmati skólans?
- Eru foreldrar, nemendur og kennarar ánægðir með skipulag og framkvæmd á heimanámi í Álfhólsskóla?
- Hversu ánægðir eru foreldrar með gæði stjórnunnar?
- Hversu ánægðir eru nemendur og foreldrar með samskipti við kennara og starfsfólk í Álfhólsskóla?
- Hvaða áherslur vilja foreldrar að Álfhólsskóli setji sér varðandi heimanám?
- Eru nemendur í 1. – 7. bekk að sýna bættan árangur í lestri sem rekja má beint til þróunarverkefnisins *Læsi*?
- Eru nemendur í 1. – 7. bekk að sýna bættan árangur í lestri sem rekja má beint til verkefnisins *Læsi*?

## 2. Skólasamfélagið

Í þessum kafla er fjallað um stjórnun, skipulag skólastarfsins og samstarf heimilis og skóla. Einnig er fjallað um áherslu skólans og árangur náms eins og hann kemur fram á skimunum og samræmdum könnunarprófum. Starfsáætlun skólans fyrir 2014-2015 er inn á heimasíðu skólans.

### 2.1 Stjórnun

Áhersla er lögð á samábyrgð, lýðræði og þátttöku einstaklinga í forystu skólans. Skólastjórnendur og starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að skólastarfið í Álfhólsskóla miðist að því að þjóna þeim þörfum sem því er ætlað.

#### Markmið

Stjórnendum ber að:

- tileinka sér góða og árangursríka stjórnunarhætti
- Hafa jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna
- Stuðla að starfsánægju starfsmanna
- Hafa góða yfirsýn yfir alla starfsemi skólans
- Gera starfsmönnum kleift að taka framförum í starfi
- Vinna að markmiðum skólans
- Skipuleggja endurmenntun og koma henni í framkvæmd
- Stuðla að góðu upplýsingaflæði milli stjórnenda og starfsmanna
- Dreifa valdi og ábyrgð
- Kynna starfsmönnum starfsmannastefnu og aðrar áætlanir sem unnið er eftir
- Gæta að jafnrétti kynjanna og að hver og einn starfsmaður sé metinn á eigin forsendum
- Að gæta þess að allir starfsmenn hafi viðunandi starfsaðstæður hvað varðar búnað og hollustu

#### Samantekt

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kom fram að um 90% foreldra eru ánægðir með stjórnun í Álfhólsskóla, svipað og á landsvísu.

Ekki var spurt sérstaklega um gæði stjórnunar í starfsmannakönnun að þessu sinni en spurt var um ýmsa þætti sem koma að stjórnun. Í opnum svörum kom fram að stjórnendur styðja vel við bakið á starfsfólki, stjórnun væri aftur á móti dreifð og stjórnendur mættu vera sýnilegri. Álíka athugasemdir komu fram í rýnihópum á síðasta skólaári.

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar eru um 87% starfsmanna frekar og eða mjög sammála því að þeir hafi frelsi til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi sínu. Þetta eru svipaðar niðurstöður og á síðasta skólaári en þá var skólinn marktækt undir landsmeðaltali. Í opnum svörum kom fram að starfsmenn vildu hafa meira að segja um þær ákvarðanir sem væru teknar varðandi skólastarfið.

Um 91% starfsmanna telja jafnrétti kynjanna virt í skólanum. Aftur á móti var stærra hlutfall starfsmanna þeirrar skoðunar á síðasta skólaári eða 96%. Um 77% starfsmanna skólans telja að jafnæði og jafnréttis sé gætt gagnvart starfsmönnum í skólanum. Þetta er töluvert minna hlutfall starfsmanna en á síðasta skólaári en þá voru 86% starfsmanna þessarar skoðunar og var skólinn þá á landsmeðaltali.

#### Mat

Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri og aðgengilegri. Starfsmenn þurfa að fá tækifæri til áhrifa varðandi eigin störf og skólastarfið í heild sinni.

Vinna þarf með upplifun starfsmanna á jafnrétti kynjanna og jafnræði gagnvart starfsmönnum.

## 2.2 Skipulag skólastarfs - starfsáætlun

Í þessum kafla er fjallað um skipulag skólastarfsins s.s námslotur, frímínútur, hádegishlé og mat. Á heimasíðu skólans má sjá starfsáætlun fyrir skólaárið 2013-2014.

### Markmið

Að gera skóladaginn skilvirkan fyrir nemendur.

Að skóladagur sé samfelldur.

Boðið upp á hafragraut á morgnanna og hollan og góðan mat í hádeginu.

Við skipulagningu skóladags er unnið samkvæmt lögum um grunnskóla en þar segir m.a. að árlega skuli gefa út starfsáætlun og skólanámsskrá sem skólastjóri er ábyrgur fyrir að sé unnin, gefin út og kynnt. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annara vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu og öðru sem varðar starfssemi skólans ár hvert. Skólanámsskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla. Lögð er áhersla á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu skólans þannig að sérkenni hans nýtist til eflingar náms og kennslu.

Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti. Í skólanámskrá birtir skólinn einnig starfsáætlun sína og þær verklagsreglur sem í gildi eru t.d. varðandi aga, slysavarnir, heilsugæslu og hvernig er staðið er að námsráðgjöf fyrir nemendur og stoðþjónustu af ýmsu tagi.

### Samantekt

Starfsáætluninni er ætlað að gefa yfirlit yfir áherslu og markmið vetrarins, skrá yfir viðburði, venjur og síði skólans. Hún er kynnt öllum starfsmönnum skólans og lögð til samþykktar fyrir skólaráð. Hún er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar í skólamálum.

Starfsáætlun Álfhólsskóla var samþykkt af skólaráði og skólanefnd Kópavogs .

Stefnumótunardagur skólans er haldinn einu sinni á ári með foreldrum nemendum og starfsmönnum skólans. Þar gefst öllum tækifæri á því að tjá sig um skólastarfið. Góðar og gagnlegar umræður fara fram um sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og gefa raunsætt mat á því sem verið er að gera í skólanum. Skólastjórnendur og matsteymi vinna síðan úr þeim upplýsingum sem fram koma á þessum fundum og gera áætlanir um úrbætur.

Í skólaráði er farið yfir skóladagatal, starfsáætlun og skólanámskrá skólans. Þar eru gerðar athugasemdir ef einhverjar eru og síðan samþykkt. Skipulag skólastarfsins er mikið rætt á fundum og farið yfir það hvað þarf að laga og hvað hefur gengið vel.

### Mat

Ánægja var með starfsáætlun skólans og stefnumótunardag.

### 2.3 Skimanir og árangur í samræmdum könnunarprófum

Í Aðalnámsskrá grunnskóla 2011 (bls.19) segir m.a. um markmið grunnskóla um námsmat. Megin tilgangur er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfnisviðmiðum Aðalnámsskrár, stuðla að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfrvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Til að geta gengt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 27 kemur m.a. fram að mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum Aðalnámsskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Skimanir sem lagðar eru fyrir í Álfhólsskóla eru:

- Logos skimun í 3., 4., 6. og 9. bekk
- Teikniverkefni Tove Krogh
- Bohem hugtakaskilningsprófið
- Les I og Les II - Lestrarpróf
- Talnalykill – stærðfræðiskimunarpróf
- Raddlestrarpróf
- Hljóðlestur
- Hraðapróf
- Stafsetningarkönnun
- Lstrar og lesskilningspróf
- Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk
- Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk

#### Markmið

Í þeim skimunum sem skólinn leggur fyrir er leitast við að nemendur nái þeim viðmiðum sem sett eru og teljast góð.

Í samræmdum prófum er markmið skólans að framfarastuðullinn sé sem hæstur og að nemendur bæti árangur sinn milli prófa. Markmiðið er einnig að nemendur geti sýnt hvað í þeim býr og að þeir fái jákvæða upplifun af slíkum könnunarprófum.

#### Samantekt

Niðurstöður úr samræmdum prófum og öllum skimunum eru skoðaðar vel þegar niðurstöður berast skólanum. Lögð er áhersla á að skoða hvern nemandu fyrir sig og hvernig nýta megi sem best niðurstöðurnar nemandanum í hag. Heildarútkoma skólans er einnig skoðuð til þess að meta hvað þarf að laga og hvað hefur heppnast vel.



## Mat

Haldið verður áfram að fylgjast vel með námsframvindu nemenda og þróa ábyrgð teyma á námshópum. Áhersla verður á að lesa úr niðurstöðum með úrbætur í huga.

## 2.4 Samræmd próf

### Samantekt

Stjórnendur unnu úr niðurstöðum á samræmdum prófum. Hver námsgrein var flokkuð niður í námsþætti og borin saman við landið og nágrenni Reykjavíkur. Einnig voru niðurstöður skoðaðar á milli ára og árangur nemenda borinn saman á milli samræmdra prófa þ.e. 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Bæði er unnið með einstaka bekki, árganginn í heild sinni, árangur eftir kyni og síðan einstaka nemendur.

Framfarastuðull er reiknaður út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Er honum ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmt próf fyrir á námsferlinum. Er því annar vegar verið að skoða frammistöðu einstaklings milli 4. – 7. bekkjar og hins vegar milli 7.-10. bekkjar.

Framfarastuðlar	Túlkun
0,94 eða lægri	Litlar framfarir
0,95 til 0,98	Framfarir í lægri kanti
0,99 til 1,01	Venjulegar framfarir
1,02 til 1,05	Framfarir í hærri kanti
1,06 eða hærri	Miklar framfarir

Farið var yfir niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Helstu niðurstöður eru kynntar skólaráði og öllum kennurum.

Með þessari úrvinnslu kemur mjög skýrt fram hvaða þættir eru að koma vel út og hvaða þættir gætu verið betri. Niðurstöður eru notaðar til umbóta hjá nemendum, bekkjum og árgöngum í heild sinni.

Niðurstöður í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk 2013 í Álfhólsskóla í samanburði við landið og Kópavog.

Normaldreifðar einkunnir eru á kvarðanum 0 - 60, meðaltal 30 á landinu.

### Samræmd próf

#### Samantekt

Stjórnendur unnu úr niðurstöðum á samræmdum prófum. Hver námsgrein var flokkuð niður í námsþætti og borin saman við landið og nágrenni Reykjavíkur. Einnig voru niðurstöður skoðaðar á milli ára og árangur nemenda borinn saman á milli samræmdra prófa þ.e. 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Unnið var með niðurstöður fyrir einstaka bekki, árganginn í heild sinni, árangur eftir kyni og síðan einstaka nemendur. Farið var yfir

niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Helstu niðurstöður eru kynntar skólaráði og öllum kennurum.

Með þessari úrvinnslu kemur mjög skýrt fram hvaða þættir koma vel út og hvaða þættir gætu verið betri. Niðurstöður eru notaðar til umbóta hjá nemendum, bekkjum og árgöngum í heild sinni.

Niðurstöður í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk 2014 í Álfhólsskóla í samanburði við landið og Kópavog.

	Álfhólsskóli normaldreifð	Landið	Kópavogur normaldreifð
4. b. íslenska	30,7	30,0	31,6
4. b. stærðfræði	30,4	30,0	31,1
7. b. íslenska	30,0	30,0	31,9
7. b. stærðfræði	30,5	30,0	32,2
10. b. íslenska	29,2	30,0	31,5
10. b. stærðfræði	28,9	30,0	31,3
10. b. enska	30,6	30,0	31,7

Normaldreifðar einkunnir eru á kvarðanum 0 - 60, meðaltal 30 á landinu

#### 4. bekkur

Í íslensku er árangur nemenda yfir landsmeðaltali eða 0,7. Ritun, lestur og málfræði kom vel út en bæta þarf árangur í stafsetningu.

Í stærðfræði er árangur yfir landsmeðaltali eða 0,4. Unnið verður áfram í þróunarvinnu í stærðfræði þar sem hún er að sýna árangur.

#### 7. bekkur

Í íslensku er árangur nemenda á landsmeðaltali. Í stærðfræði er árangur yfir landsmeðaltali eða 0,5.

#### 10. bekkur

Í íslensku er árangur nemenda undir landsmeðaltali eða 0,8. Í Álfhólsskóla voru fleiri nemendur í hæfniflokki B og C og færri nemendur í hæfniflokki A og D miðað við landið.

Í stærðfræði var árangur nemenda undir landsmeðaltali eða 1,1. Í Álfhólsskóla voru fleiri nemendur í hæfniflokki B og C og færri nemendur í hæfniflokki A og D miðað við landið.

Í ensku er árangur nemenda yfir landsmeðaltali eða 0,6. Í Álfhólsskóla voru fleiri nemendur í hæfniflokki B og C og færri nemendur í hæfniflokki A og engin nemandi í D miðað við landið.

#### Mat

Niðurstöður skimana benda til þess að læsisverkefni skólans sé að skila góðum árangri nemenda á yngsta stigi í læsi. Efla þarf læsi á mið- og unglingastigi. Því hefur verið ákveðið að færa þessa vinnu upp á miðstig og unglingastig til að fylgja árangrinum eftir. Einnig hefur verið ákveðið að fara í þróunarvinnu í stærðfræði til að bæta árangur.

## 2.5 Nemendur og líðan

Unnið er samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 VI. kafla og stefnu Kópavogsbæjar. Allra leiða er leitað til að tryggja að börnunum líði vel í skólanum. Í skólanum á að ríkja gagnkvæmt traust á milli foreldra, starfsmanna og nemenda. Umhverfi skólans á að vera öruggt og heilsusamlegt og einelti og ofbeldi er ekki liðið.

Í Álfhólsskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan. Í stefnu Álfhólsskóla kemur skýrt fram markmið skólans varðandi líðan nemenda. Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fá kenningu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd.

### Markmið

Að nemendur sýni jákvæðni, gleði, líði vel og séu virkir í skólastarfi.

Að bæta líðan nemenda og öryggi í skólanum og vinna gegn einelti.

Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir.

Bæta umgengni nemenda í skólanum.

### Samantekt

Nemendum í Álfhólsskóla líður marktækt betur en nemendum á landsvísu samkvæmt niðurstöðum Skólaláupsins (5 á mótí 4,6). Í foreldrakönnun Skólaláupsins kom fram að 95% nemenda líður vel í skólanum. Um 90% nemenda á yngsta stigi líður vel eða mjög vel í skólanum samkvæmt niðurstöðum Saman í sátt könnunarinnar.

Niðurstöður úr Saman í sátt könnun gefa að 87,4% nemenda í Álfhólsskóla líki vel eða mjög vel að vera í skólanum. Næstum allir nemendur í Álfhólsskóla eiga a.m.k. einn vin/vinkonu í skólanum. Allir á yngsta stigi eiga a.m.k. einn vin/vinkonu.

Niðurstöður Skólaláupsins gefa til kynna að það sé marktækt minna einelti í Álfhólsskóla en á landsvísu (5,2% á mótí 10,3%). Einnig er töluvert minna um einelti en á síðasta skólaári (5,2% á mótí 9,1%). Samkvæmt niðurstöðum Saman í sátt könnunarinnar eru 50 nemendur í Álfhólsskóla (8,6%) lagðir í einelti. Meirihluti þessara nemenda er á yngsta stigi, flestir í 1bekk. Á mið- og unglingastigi mældist 5,3% einelti sem er í samræmi við niðurstöður Skólaláupsins en þar mældist 5,2% einelti í 6. -10. bekk.

Kynjahlutfallið á yngsta stigi er nokkuð jafnt en á mið- og unglingastigi eru töluvert fleiri strákar en stelpur sem verða fyrir einelti. Þessi kynjamunur kom einnig fram í Skólaláupsinum. Eftirtektarvert er að ekkert einelti mældist í 5. bekk, þar er viðhorf gagnvart einelti neikvætt, nemendur líklegir til að hjálpa og telja kennara sinn vinna marktækt gegn einelti.

Niðurstöður foreldrakönnunarinnar benda til umtalsvert meira eineltis en nemendakönnunir Skólaláupsins og Saman í sátt eða 15,3% sem er svipað og á landsvísu. Umfang eineltis virðist hafa aukist almennt síðan árið 2013 að mati foreldra. Rúmur helmingur foreldra í Álfhólsskóla voru ánægðir með úrvinnslu skólans í eineltismálum, svipað og á landsvísu. Áberandi var að foreldrar drengja voru almennt töluvert ánægðari með úrvinnsluna en foreldrar stúlkna (73% á mótí 42%). Eins er áberandi

að foreldrar nemenda á miðstigi eru áberandi óánægðastir með úrvinnslu mála. (37,5% ánægja á miðstigi á móti 66,7% ánægju á yngsta og elsta stigi).

Algengasta birtingarmynd eineltis samkvæmt niðurstöðum Saman í sátt er uppnefni og stríðni, kynþáttafordómar, lygasögur og rógburður. Rafrænt einelti kom fram í 7. og 8.bekk og af þeim nemendum sem verða fyrir rafrænu einelti veit helmingur ekki hver stendur fyrir eineltinu. Rafrænt einelti á sér oftast stað utan skóla. Staðir eineltis eru ólíkir eftir stigum. Á miðstigi er einelti algengast úti í frímínútum og í leikfimisal. Á elsta stigi er einelti algengast á Internetinu, á ganginum og í kennslustundum. Þetta hljómar saman við niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins en þar kemur fram að einelti sé algengast í frímínútum og í kennslustundum. Niðurstöður foreldrakönnunarinnar eru einnig í samræmi við þetta en þar kemur fram að einelti sé algengast í frímínútum, kennslustundum og íþróttatímum.

Gerendur eineltis í Álfhólsskóla eru oftast í bekk með þolanda eða í sama árgangi. Oftast er aðallega einhver einn nemandi eða örfáir sem standa fyrir eineltinu. Tæp 2% nemenda viðurkenna að hafa lagt annan nemanda í skólanum í einelti á þessu skólaári. Rúmur helmingur gerenda eru líka þolendur eineltis.

Rúmlega helmingur þeirra sem eru lagðir í einelti á mið- og unglingastigi upplifa að skólinn hafi gert lítið, frekar lítið eða ekkert til að stöðva eineltið. Engum finnst skólinn gera mjög mikið. Flestir þolendur eineltis hafa sagt foreldrum sínum eða einhverjum öðrum frá eineltinu en þrír hafa ekki sagt neinum frá.

Nemendur á unglingastigi eru með jákvæðara viðhorf gagnvart einelti en nemendur á miðstigi. Nánast allir nemendur á yngsta stigi eru sammála um að kennarar reyni að koma í veg fyrir og stoppa einelti. Á mið- og unglingastigi telur nánast þriðjungur nemenda aftur á móti kennarann sinn hafa gert frekar lítið, lítið eða ekkert til að koma í veg fyrir einelti. Um 6% nemenda myndi ekki segja frá því ef þeir væru lagðir í einelti. Þessir einstaklingar eru allir á mið- og unglingastigi. 95% nemenda í Álfhólsskóla myndi segja frá því ef þeir vissu um einhvern sem væri lagður í einelti.

Netnotkun nemenda í Álfhólsskóla fer stigvaxandi eftir því sem þeir eldast og meirihluti nemenda á mið- og unglingastigi er virkur á einhverjum samskiptamiðlum. Þolendur eineltis eru töluvert ólíklegri til að nota samskiptamiðla en aðrir nemendur. Tæp 6% nemenda á mið- og unglingastigi í Álfhólsskóla hafa orðið fyrir því að einhver hafi reynt að neyða þá til að senda myndir af sér og/eða öðrum með hótunum eða ógnun af einhverju tagi.

Sjálfsálit nemenda í Álfhólsskóla er á þar við nemendur á landsvísu og eru strákar almennt með meira sjálfsálit en stelpur. Nemendur í Álfhólsskóla telja sig hafa marktækt meiri stjórn á eigin lífi en nemendur á landsvísu og þeir samsama sig marktækt betur við nemendahópinn en nemendur á landsvísu. Einnig hafa nemendur í Álfhólsskóla marktækt meiri trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi en nemendur á landsvísu.

## **Mat**

Dregið hefur verulega úr einelti í Álfhólsskóla ef marka má niðurstöður. Mikilvægt er að sinna áfram eftirfylgni við einstök eineltismál og samskiptavanda. Einelti virðist tíðara meðal drengja og er þörf á að rýna í hvað veldur og hvernig bregðast megi við þessu. Stór hluti þeirra nemenda sem eru lagðir í

einelti í skólanum eru í 1.bekk. Þegar rýnt var í þessar niðurstöður með nemendum og umsjónarkennurum kom í ljós að nemendur í 1. bekk hafi í mörgum tilfellum misskilið hugtakið einelti og ruglað því saman við stríðni. Velta má fyrir sér marktækni kannanarinnar hjá svo ungum börnum. Spurningakönnunin verður því ekki lögð fyrir 1. bekk með þessu sniði á næsta skólaári.

Ein algengasta birtingamynd eineltis í skólanum eru kynþáttafordómar. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og efla fjölmenningsfræðslu í skólanum. Einelti í frímínútum, á göngum og í kennslustundum er áhyggjuefni. Internetið er einn algengasti staður eineltis í Álfhólsskóla. Meirihluti nemenda í 5.-10.bekk eru virkir á samskiptamiðlum og niðurstöður Saman í sátt gefa til kynna að þörf sé á að efla ábyrga netnotkun kenna nemendum skólans hvernig megi nýta tæknina á jákvæðan hátt í samskiptum, námi og skipulagi.

Viðhorf nemenda gagnvart einelti er almennt neikvætt en þörf er á að efla neikvætt viðhorf enn frekar, sérstaklega á unglingastigi. Þá er brýnt að kennarar og starfsmenn vinni markvisst gegn einelti og bregðist við minnsta grun um einelti.

Ekki eru öll eineltismál tilkynnt og er nauðsynlegt að brýna mikilvægi tilkynninga fyrir foreldrum og nemendum svo vinna megi með málin. Niðurstöður foreldrakannanar og nemenda kannana gefa misvísandi skilaboð um umfang eineltis í Álfhólsskóla. Mikilvægt er að skoða hvað veldur.

Líðan nemenda í Álfhólsskóla er mjög góð miðað við aðra grunnskólanemendur en þó má alltaf gera betur og verður haldið áfram að vinna að bættu skólastarfi til að mæta þörfum nemenda.

## 2.6 Samstarf heimila og skóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennum hluta segir í kaflanum Samstarf heimila og skóla:

Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011)

Í stefnu Álfhólsskóla kemur fram að lögð er áhersla á gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks. Skólinn veitir faglega þjónustu og er með virkt og vel skipulagt stoðkerfi. Foreldrar eru ávallt velkomnir í Álfhólsskóla til að kynna sér innra starf hans. Skólinn veitir góðar upplýsingar um starfið. Viðburðir fyrir foreldra á skólaárinu er m.a. skólaboðunardagur, foreldraviðtöl, kynningar, skólaslit og fleira. Einnig þjónar heimasíða skólans mikilvægu hlutverki í allri upplýsingaöflun auk vikulegra tölvupósta frá umsjónarkennurum og fréttabréfi frá skólanum.

### Markmið

Að efla samstarf og samvinnu heimilis og skóla og stuðla að gagnkvæmu trausti.  
Að bæta foreldraviðtöl og auka skilvirkni þeirra.

### Samantekt

Foreldrar barna í Álfhólsskóla eru marktækt virkari í námi barna sinna en á landsvísu (5,4 á móti 4,9) og virkari en árið 2013. Um 53% foreldra taka þátt í gerð námsáætlunar með nemandanum, svipað og á landsvísu og 88% foreldra þykir þessi þátttaka mikilvæg, svipað og á landsvísu. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barninu sínu með námið er marktækt meiri en á landsvísu (5 á móti 4,7).

Frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi er svipað og á landsvísu en þó hefur verið aukning frá því árið 2013. Um 57% foreldra telja sig hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur, svipað og á landsvísu. Mestu áhrifin telja þeir sig hafa á foreldrasamskipti, félags- og tólmstundarstarf, námshraða og agamál. Helst vilja foreldrar hafa áhrif á áherslur í námsgreinum, kennslufyrirkomulag og val á námsefni.

Ánægja með foreldraviðtöl hefur aukist til muna síðan árið 2013 en 93% foreldra voru ánægðir með síðasta foreldraviðtali, svipað og á landsvísu, á móti 86% árið 2013. Ánægjan hefur mest aukist á elsta stigi, þar sem hún var minnst áður.

Um 82% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans, svipað og á landsvísu og 73% foreldra telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá, svipað og á landsvísu.

## **Mat**

Misræmi er á milli þess hvaða þætti skólastarfsins foreldrar telja sig hafa mest áhrif á og á hvaða þætti þeir vilja hafa mest áhrif. Brýnt er að rýna í þetta og leita leiða til efla áhrifamátt foreldra á ákvarðandir varðandi nemendur þar sem við á.

## **2.7 Aðbúnaður skólans**

Kennsla í Álfhólsskóli fer fram í tveimur byggingum. Í Digranesi fer kennsla yngri barna fram og kennsla eldri barna fer fram í Hjalla.

## **Markmið**

Að aðbúnaður nemenda og starfsmanna sé öruggur og í lagi.

## **Samantekt**

Foreldrar nemenda í skólanum eru ánægðari með aðstöðu í skólanum en foreldrar á landsvísu. Fleiri nýta sér tólmstundarþjónustu/frístundarheimili í Álfhólsskóla en á landsvísu og eru foreldrar nemenda í skólanum eru óánægðari með tólmstundarþjónustu/frístundarheimili en foreldrar á landsvísu.

Notkun á mötuneyti er marktækt meiri í Álfhólsskóla en á landsvísu (95,3% á móti 86,3%) og eru foreldrar nemenda í Álfhólsskóla marktækt ánægðari með máltíðir í mötuneyti en á landsvísu (86,2% á móti 74,1%). Þetta er mikil breyting frá árinu 2013 en þá voru marktækt færri ánægðir með máltíðir í mötuneyti en á landsvísu (64,7% á móti 74,6%).

Ekki var spurt sérstaklega um aðstöðu starfsmanna í starfsmannakönnun en í opnum svörum kom fram að vinnuaðastaða væri ábótavant og mikil þörf væri á fundarherbergi. Þá kom einnig fram að þörf væri á bættu aðgengi að upplýsingaveri skólans.

## **Mat**

Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna. Allir þurfa að ganga betur um, nemendur og starfsfólk.

## 2.8 Viðmót og menning skólans

Í samskiptum innan Álfhólsskóla eru hafðar að leiðarljósi þær leiðbeiningar sem koma fram í aðgerðaáætlun *Saman í sátt* en þar segir í fyrstu skólareglu skólans að nemendur og fullorðnir sýni hverjir öðrum virðingu, kurteisi og tillitssemi. Einnig kemur fram í aðgerðaáætluninni að starfsmenn styrki góða hegðun nemenda með jákvæðri hvatningu, hrósi og umbun. Þá er þar að finna skýrar leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við óviðeigandi hegðun nemenda.

### Markmið

Að foreldrar séu ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og foreldra

Að nemendur séu ánægðir með samskipti við kennara.

Að starfsfólk sé ánægð með samskipti við foreldra og nemendur

### Samantekt

Niðurstöður Skólapúlsins gefa til kynna að samband nemenda í Álfhólsskóla við kennara sé marktækt betra en á landsvísu (5,7 á mótí 5,5). Nemendur Álfhólsskóla álíta einnig að agi í tímum sé marktækt meiri en á landsvísu (5,4 á mótí 5,1). Um 81% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum, svipað og á landsvísu. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er svipuð og á landsvísu.

Tveir nemendur í Álfhólsskóla eru lagðir í einelti af einhverjum fullorðnum í skólanum. Þessir einstaklingar eru báðir á miðstigi og eru líka lagðir í einelti af nemendum.

Á stefnumótunardegi kom fram að það væri persónubundið hvort nemendur kæmu fram við aðra nemendur á ólíkan hátt eftir kyni. Þeir voru aftur á mótí flestir sammála um að almennir starfsmenn og kennarar kæmu ekki eins fram við stelpur og stráka. Almennt væri fullorðna fólkið harðari við strákana og ætluðust til þess að stúlkur væru hegðuðu sér betur. Þeir töldu einnig að nemendur bæru ekki sömu virðingu fyrir almennu starfsfólki og kennurum og stjórnendum. Þeir kæmu verr fram við almenna starfsmenn þar sem þeir hafi minni völd að mati nemenda. Þá lögðu nemendur almennt áherslu á að gagnkvæm virðing væri lykilatriði í samskiptum nemenda og starfsfólks alveg óháð kyni. Til þess að efla jafnrétti kynjanna í skólanum þykir nemendum þörf á meiri jafnréttisfræðslu, kynjafræði og samkvæmisdans.

Færri starfsmenn verða fyrir áreitni frá nemendum og foreldrum en á síðasta skólári (12% á mótí 16%), þetta eru í flestum tilfellum kennarar. Einn starfsmaður hefur orðið fyrir einelti frá foreldrum og/eða nemendum á síðustu 12 mánuðum, á síðasta skólári voru þetta fjórir starfsmenn.

### Mat

Mikilvægt er að vinna með einelti í garð nemenda af hendi starfsmanna. Ekki eru öll eineltismál tilkynnt og er nauðsynlegt að brýna mikilvægi tilkynninga fyrir foreldrum og nemendum svo vinna megi með málin.

Dregið hefur úr einelti og áreitni í garð starfsmanna af hendi foreldra og/eða nemenda. Þó er mikilvægt að styðja vel við starfsmenn í samskiptum sínum við foreldra og/eða nemendur. Þörf er á að efla gagnkvæma virðingu nemenda og starfsfólks. Auka má jafnréttisfræðslu.

## 2.9 Tengsl skólans við leik- og framhaldsskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 segir að helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga séu að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu

námsins. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga. (s. 74) Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnst væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla. (s. 75) Í samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla felst ábyrgð á upplýsingagjöf milli skóla og til nemenda og foreldra um nám á framhaldsskólastigi og hvernig samstarfi skólastiganna verði best háttað.

### **Markmið**

Að efla tengsl við leik- og framhaldsskóla og stuðla að heildstæðu námi barnanna.

### **Samantekt**

Fundað var reglulega með leikskólum í skólahverfinu og gerð starfsáætlun. Heimsóknir voru auknar á milli skólastiga og hugmyndavinna í gangi varðandi þróunarverkefni. Myndað hefur verið leikskólateymi til þess að efla samstarf á milli skólastiganna. Nemendur í 9. og 10. bekk er boðið uppá leiksskólaval þar sem þeir fá tækifæri til að taka þátt í og kynnst starfi leikskólakennara og leiðbeinanda. Nemendur geta sótt framhaldsskólaáfangu í stærðfræði og ensku. Enn á eftir að gera starfsáætlun við framhaldsskólann.

### **Mat**

Góð vinna er í gangi en enn má efla samstarf milli skólastiga, sérstaklega er þörf á að huga að samstarfi við framhaldsskólann.

## **3. Innra mat**

Í þessum kafla er fjallað um áherslur skólans og framkvæmd skólastarfsins. Sagt er frá skólanámskrá og gerð grein fyrir námi, kennslu, námsmati og fleira.

### **3.1 Kennsla- kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska**

Hlutverk Álfhólsskóla er að búa nemendur undir þátttöku í Lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

Eitt af þremur gildum skólans er „menntun“ og bak við það stendur að í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni. Annað gildi skólans er „sjálfstæði“ en til að ná því þarf að vera lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið. Þriðja gildi skólans er „ánægja“ en til að börnunum líði vel og árangur náist þarf skólabragur að einkennast af ánægju, leik og vellíðan.

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðun í námi. Með því er átt við að starf skólans taki mið af því að börnin eru misjafnlega þroskuð, af margbreytilegum uppruna og hafa öðlast margháttða og misjafna leikni, reynslu og þekkingu áður en þau hefja nám í grunnskóla. Skólinn þarf því að búa þeim skilyrði til að þau megi vaxa og dafna og þroskast með því að stuðla að alhliða þroska þeirra, veita þeim öryggiskennd, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

### **Markmið**

Að nemendur fái nám við hæfi hvers og eins út frá forsendum og getu.

Að efla færni kennara í fjölbreyttum kennsluaðferðum samkvæmt nýrri aðalnámsskrá.

Að efla sköpun og frumkvæði.

Að fara yfir heimanám á öllum stigum.



## Samantekt

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakannanar Skólalámsins eru foreldrar nemenda í Álfhólsskóla álíka ánægðir með nám og kennslu og foreldrar á landsvísu og telja að námið sé í takt við grunnstoðir Aðalnámskrár. Tæplega 90% foreldra í Álfhólsskóla eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda sem er svipað og á landsvísu. Þessi ánægja hefur aukist töluvert síðan í fyrra en þá voru foreldrar marktækt óánægðari en aðrir (79% á móti 89%).

Marktækt fleiri foreldrar nemenda í Álfhólsskóla álíta þyngd námsefnis ekki við hæfi en á landsvísu (77% á móti 85%) og er ánægjan töluvert minni en á árið 2013 (77% á móti 90%) og var þá ánægjan marktækt meiri en á landsvísu. Flestum þykir námsefnið þá vera of létt eða allt of létt.

Um 28,6% nemenda skólans eru með sérkennslu/stuðning í skólanum, svipað og annars staðar á landinu. Um 92% foreldra eru ánægðir með sérkennslu/stuðning í skólanum, sem er svipað og á landsvísu. Aftur á móti er ánægjan ekki eins mikil og í fyrra en þá kom fram 100% ánægja meðal foreldra. Áberandi er að ánægjan er mest á yngsta stigi (100%) og minnst á miðstigi (83,3%). Í opnum svörum starfsmannakönnunar kemur fram að kennarar álíta skólann koma mjög vel til móts við nemendur með námserfiðleika.

Um 33% nemenda Álfhólsskóla eru með einstaklingsáætlun og helmingur foreldra eru í samstarfi við skólann um einstaklingsáætlun, svipað á landsvísu. Um 11% foreldra hafa óskað hefur sálfræðiþjónustu og um 83% foreldrar eru ánægðir með þjónustuna, svipað og á landsvísu.

Um 83% foreldra í Álfhólsskóla telja hæfilega áherslu á námsmat með hefðbundnum prófum, svipað og á landsvísu. Eftirtektarvert er að í síðustu könnun voru marktækt fleiri foreldrar í Álfhólsskóla sem álitu hæfilega áherslu á þetta en á landsvísu eða 88,4% á móti 78,7%. Foreldrar nemenda í Álfhólsskóla eru marktækt ánægðari með hæfilega áherslu á annað námsmat en hefðbundin próf og foreldrar á landsvísu (85% á móti 77%). Þessi munur kom einnig fram í fyrra en þá voru foreldrar ánægðastir af öllum foreldrum nemenda í sambærilega stórum skólum (91% ánægja á móti 78% á landsvísu). Ánægjan er mest á unglingastigi.

Foreldrar og nemendur tóku þátt í stefnumótunardegi Álfhólsskóla og komu með innlegg varðandi heimanámsstefnu skólans. Skiptar skoðanir eru á heimanámi en almennt þótti foreldrum gott að nemendur kæmu heim með heimanám til þess að geta fylgst með námslegri stöðu barnanna. Mest ætti áherslan þó að vera á lestur og einstaklingsmiðun mætti vera meira. Einnig var rætt að gott væri að fá heimaverkefni sem hvettu til og sköpuðu tækifæri til umræðna og góðra samverustunda með fjölskyldunni. Ánægja kom fram með fjölbreytt heimaverkefni í dönsku á miðstigi þar sem farnar hafa verið nýjar leiðir t.d. tölvuleikir, orðapúsl, upplýsingaleit og önnur skapandi vinna. Foreldrar leggja áherslu á að allir kennarar skrái heimavinnu í Mentor með góðum fyrirvara og námsáætlun sé skýr til lengri tíma. Nemendur ættu þó að vera ábyrgir fyrir því að halda utan um sitt heimanám. Kennarar og nemendur ættu að virða skiladaga heimanáms og ættu viðurlög að vera skýr í stefnu skólans. Foreldrar telja mikilvægt að skólinn styðji við heimanám og bjóði upp á aðstoðu og aðstoð til heimanáms til þess að heimanám mismuni ekki nemendum. Foreldrar lögðu áherslu á að heimaverkefni tækju ekki of langan tíma og töldu brýnt að innlögn á nýju efni færi fram í skólanum en ekki heima. Foreldrar telja að kennarar sendi nemendur of oft heim með ókláraðar bækur að vori sem eigi að ljúka.

Nemendur ræddu á stefnumótunardegi að tilgangur heimanáms sé fyrst og fremst að komast hraðar yfir og vinna upp efni sem ekki var unnið í skólanum. Nemendur hafa ólíkar skoðanir á því hvort heimanám sé hæfilegt en almennt telja þeir að heimanám eigi að vera í lágmarki. Þeir benda á að heimanám geti verið hluti af einstaklingsmiðuðu námi en flestum finnst að nemendur eigi ekki að vera með sama heimanám heldur eigi það að miðast út frá persónulegri stöðu og getu í náminu. Nemendur leggja til að hver og einn útbúi sér námsáætlun sem hann vinni að í skólanum. Ef nemandanum tekst ekki að klára áætlunina innan tímamarka geti hann unnið heima. Einnig sé honum valfrjálst að vinna í áætluninni heima og vinna sér í haginn.

Nemendur ræddu einnig álit sitt og hugmyndir um góða kennslu og einstaklingsmiðað nám. Lang flestir ræddu að þeim þætti gott að fá góða innlögn og vinna að verkefnum í hóp. Einnig lögðu nemendur áherslu á að kennarinn útskýrði efnið vel en gæfi ekki bara svörin. Kennarinn þurfi að hafa áhuga á því sem hann sé að kenna og vera virkur þátttakandi í kennslustundinni. Ólíkar skoðanir komu fram varðandi hvaða kennsluhættir hentuðu best en flestum þótti þó að auka mætti fjölbreytileikann og tengja námið við raunveruleikann með góðum dæmum.

Almennt telja nemendur að nám í Álfhólsskóla sé ekki einstaklingsmiðað þar sem nemendur séu ekki alltaf að fá nám né verkefni við hæfi og getu. Nemendur eru sammála um að það sé mismunun í því að allir fái sama námsefnið. Nemendur á unglíngastigi telja einstaklingsmiðun vera mesta í stærðfræði og íslensku þar sem það er ferðakerfi. Þeir benda aftur á móti á að þar sé ekki fullkomin einstaklingsmiðun því þar sé námið samt sem áður í flestum tilfellum hópamiðað en ekki einstaklingsmiðað þótt efnið henti fleirum í einu en í hinum hefðbundna bekk. Til þess að efla einstaklingsmiðun í Álfhólsskóla vilja nemendur á unglíngastigi fá ferðakerfi í fleiri greinum. Nemendur á mið- og unglíngastigi vilja fá kennslu í minni hópum, nýta tæknina til að koma einstaklingsmiðuðu námsefni auðveldlega til nemenda og meira val. Á stefnumótunardegi kom skýrt fram að nemendur telja símat vera besta leiðin til að meta stöðu nemenda. Þeir vilja almennt frekar vinna verkefni en taka próf.

Á stefnumótunardegi ræddu nemendur sérstaklega um kosti og galla spjaldtölvuvæðingar í kennslu. Helstu kostina töldu nemendur vera möguleikann á að nýta ýmiskonar smáforrit og leiki í námi sínu, greiðari aðgang að upplýsingum og námsefni óháð aðgangi að tölvuveri, betri yfirsýn kennara yfir nemendahópinn og aukin samskipti við heimilin. Nemendur sáu einnig fyrir sér að þeir gætu hlustað á tónlist, einbeitt sér betur og unnið hraðar. Einnig gæti notkun spjaldtölva dregið úr pappírnotkun. Helstu gallarnir við þessa nýjung væri möguleikinn á að nemendur misnoti tækin og að nú fái nemendur aldrei „frí“ frá Internetinu. Áður hafi kennslustundir að mestu verið gríðarstaður frá Internetinu. Til þess að hvetja til ábyrgðar netnotkunnar telja nemendur mikilvægt að ákveðnar síður og samskiptamiðlar verði lokaðar í skólanum. Settar verði skýrar reglur og viðurlög ef til misnotkunar kemur. Nemendur fái góða fræðslu um hættur og ekki síður kosti netsins. Mikilvægt sé að hvetja til réttrar notkunar en ekki leggja áherslu á að röng hegðun verði ekki liðin. Eins er mikilvægt að yngstu nemendurnir fái strax fræðslu um það hvernig nota megji netið á jákvæðan og ábyrgan hátt.

Niðurstöður Skólapúlsins gefa til kynna að 73,2% foreldra nemenda í skólanum telja heimavinnu hæfilega, svipað og á landsvísu. Mest er óánægjan með heimanám á miðstigi. Foreldrar nemenda við Álfhólsskóla eyða markvisst meiri tíma í að aðstoða við heimanám en foreldrar á landsvísu (62,5% eyða meira en 15 mín á dag á móti 52,4% á landsvísu). Tíminn sem foreldrar eyða í að aðstoða við heimanám hefur aukist síðan í fyrra (úr 49%).

Niðurstöður Ytra mats frá árinu 2012 gáfu til kynna að þörf væri á að efla fjölbreytta kennsluhætti í Álfhólsskóla. Skólinn fékk styrk frá endurmenntunarsjóði til þess að efla kennsluþróun og var því stofnað sérstakt teymi kennara sem átti halda utan um þessa vinnu. Teymið sá um að bjóða upp á og benda á ýmsa fyrirlestra og námskeið, stýrði umræðum um kennsluhætti og kennsluþróun og hvatti kennara til þess að ígrunda störf sín og sjálfa sig sem kennara og fá nemendur til þess að taka þátt í mati á kennslu og kennsluháttum. Um haustið var athugað hvaða kennsluhættir kennarar nýttu sér mest í sinni kennslu og svo var það athugað aftur að vori í starfsmannakönnuninni. Einnig voru kennarar spurðir hvaða nýju aðferðum þeir hefðu beitt í kennslu sinni á síðastliðnum vetri. Niðurstöður gáfu til kynna að fátt hafði breyst þegar kom að hvaða kennsluaðferðir væru mest notaðar. Kennarar notast hvað mest við einstaklingsvinnu, innlögn, samvinnunám, beina kennslu, vinnubækur og verkefnavinnu. Kennarar nýta sér gagnvirka kennslu í meira mæli en í haust. Rúmlega helmingur kennara (59%) hefur ekki prófað neina nýja kennsluaðferð í vetur.

### **Mat**

Kennsluhættir og námsmat er að verða fjölbreyttara en enn má gera betur. Halda þarf áfram þróun á fjölbreyttum kennsluháttum. Efla þarf þátttöku nemenda í mati og umfjöllun um nám sitt. Nýta betur samvinnu nemenda og samþættingu námsgreina sem tækifæri til skapandi starfs og fjölbreytni.

Foreldrar og starfsmenn eru sammála um að vel sé staðið að sérkennslu barna með námserfiðleika í Álfhólsskóla. Ýmislegt bendir til þess að skólinn gæti sinnt námsfúsum/bráðgerum börnum betur og hefur því verið sett af stað þróunarverkefni með það að marki sem hefst næsta skólaár.

Nemendur telja nám í Álfhólsskóla almennt ekki vera einstaklingsmiðað. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu.

Brýnt er að hvetja nemendur til ábyrgrar netnotkunnar á jákvæðan hátt og fræða nemendur fyrr en síðar um hættur og möguleika Internetsins.

Taka ber mið af skoðun foreldra og nemenda hvað varðar áherslur skólans í heimanámi.

## **3.2 Umbótaáðgerðir og þróunarstarf**

Þróunarverkefnið læsi hefur verið unnið í Álfhólsskóla síðan 2010. Verkefnið gengur út á það að bæta lestrarfærni nemenda í skólanum.

### **Markmið**

Að efla lestrarfærni og lesskilning nemenda á öllum skólastigum.

### **Samantekt**

Kennarar hafa unnið skýrslu um læsi. Þar kemur greinilega fram ánægja með vinnutilhögun og hvernig verið er að mæta mismunandi færni og getu nemenda. Niðurstöður prófanna er hægt að sjá myndrænt í töflum sem sýna bæði sterkar og veikar hliðar. Með þessu móti er betur hægt að fylgjast með framvindu lestrarnámsins hjá hverju barni. Á miðstigi var annars konar áhersla en á yngsta stiginu þar sem tekið var inn námsefni af Skólavefnum, svokallaður Lestrarkassi, sem ætlaður er til víðtækrar lestrarþjálfunnar, jafnt í skilningi sem og færni. Mælingar og prófanir sýndu aukinn áhuga og framfarir í lestrarfærni á yngsta- og miðstigi, framfarir voru þó meiri á yngsta stigi.

### **Mat**

Niðurstöður skimana með greiningartækinu Logos sýna okkur framfarir og stöðu nemenda og í kjölfarið má setja inn úræði þar sem þurfa þykir. Með mælingum og prófunum sem gerðar voru kom fram bætt lestrarfærni.

## 4. Mannauður

Í þessum kafla verður fjallað um starfsmenn og líðan þeirra.

### 4.1 Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf

Það er stefna Álfhólsskóla að í Álfhólsskóla starfi samhentur hópur áhugasamra og hæfileikaríkra starfsmanna með fjölbreytta og faglega þekkingu. Til að ná þeim árangri ætlar Álfhólsskóli að veita starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu, gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi. Skólinn tryggir starfsmönnum sínum tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Álfhólsskóli er vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi, byggður á mikilli samvinnu og upplýsingamiðlun starfsfólks.

#### Markmið

Að efla samstarf og jákvæðan vinnuanda meðal starfsmanna

Að hafa vel menntaða og hæfileikaríka starfsmenn með fjölbreytta og faglega þekkingu

Kennarar sæki sér markvissa símenntun

Að starfsmönnum líði vel og þeir séu jákvæðir og finni fyrir og sýni traust og virðingu

Að starfsmenn séu ánægðir og stoltir af skólanum

#### Samantekt

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar hefur starfsánægja dalað síðan á síðasta skólaári (úr 91% í 83%). Starfsmönnum í Álfhólsskóla líður verr en á síðasta skólaári (86% á móti 90%). Líðan annarra starfsmanna er marktækt betri en líðan kennara/leiðbeinenda (97% á móti 81%). Þessu var öfugt farið á síðasta skólaári.

Fleiri starfsmenn vita til hvers er ætlast af þeim í vinnunni en á síðasta skólaári (96% á móti 91%) en þá var Álfhólsskóli marktækt undir landsmeðaltali (97%). Um 89% starfsmanna telja að hæfni þeirra sé vel nýtt í starfi, svipað og á síðasta skólaári en þá vorum við marktækt undir landsmeðaltali (86% á móti 93% á landsvísu).

Nánast allir starfsmenn skólans eru stoltir af starfi sínu (97%). Svipað margir og í fyrra (87%) telja sig hafa frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi sínu en þá vorum við marktækt undir landsmeðaltali (86% á móti 92%).

Töluvert færri starfsmenn sjá sig starfa áfram við skólann eftir tvö ár en á síðasta skólaári (67% á móti 81%). Fleiri hugsa oft um að hætta í núverandi starfi en í fyrra (31% í ár á móti 25%). Færri starfsmenn telja sig búa við starfsöryggi en í fyrra (88% á móti 95%).

Færri starfsmenn telja að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki en á síðasta skólaári (89% á móti 94%). Færri starfsmenn telja að jafnrétta kynjanna sé virt í skólanum (91% á móti 96%) og að jafnræði og jafnréttis sé gætt gagnvart starfsmönnum í skólanum (77% á móti 86%).

Á síðasta skólaári voru starfsmenn skólans marktækt oftár sammála því að skólinn hafi góða ímynd en á landsmeðaltali (99% á móti 91%). Í ár eru 88% starfsmanna sammála þessu.

Starfsfólk telur að starfsmenn miðli þekkingu í minna mæli sín á milli (74% á móti 89%) og færri telja samvinnuna í skólanum góða en á síðasta skólaári (76% á móti 90%).

Rúmur helmingur starfsmanna telur að starfsandinn í skólanum sé góður. Á síðasta skólaári voru 89% starfsmanna sem töldu andann góðan sem var þá marktækt undir landsmeðaltali.

16% starfsmanna hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu tólf mánuðum. Á síðasta skólaári voru þetta 9% starfsmanna.

Einelti meðal starfsmanna hefur aukist frá því á síðasta skólaári en í ár eru þrjú starfsmenn sem hafa orðið fyrir einelti, allt kennarar. Á síðasta skólaári urðu tveir starfsmenn skólans fyrir einelti.

Í opnum svörum kemur skýrt fram að starfsmenn upplifa neikvæða umræðu meðal starfsfólks um kennarastarfið og samstarfsmenn, baktal og klíkuskap, sem komi niður á samstarfi og starfsanda. Einnig er töluvert rætt um of tíða fundi og mikla pappírsvinnu á kostnað samstarfs.

#### **Mat**

Starfsfólk Álfhólsskóla hefur margt gott fram að færa. Þörf er á að efla góðan starfsanda og starfsánægju. Huga þarf að líðan starfsfólks, sérstaklega þeirra sem sinna að mestu kennslu. Fyrst og fremst þarf allt starfsfólk skólans að leggja áherslu á að efla jákvæðni og gleði í starfi. Einelti meðal starfsmanna hefur aukist og er brýnt að bregðast við þessu. Þörf er á skýru ferli varðandi tilkynningar, viðbrögð og eftirfylgni eineltismála meðal starfsmanna. Mikilvægt er að muna að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

## **5. Fjármál**

Fjármál eru samanber stefnu og áætlun Kópavogsbæjar.

#### **Markmið**

Halda áfram að sýna ábyrga fjármálaumsýslu.

Að draga úr ljósrítun og spara þannig fjármuni og ná fram sparnaði með hagkvæmari innkaupum

Að virkja meðvitund allra starfsmanna og nemenda um mikilvægi þess að flokka rusl og stuðla að vistvænum rekstri

#### **Samantekt**

Skólastjórnendur framkvæmdu regulegt stöðumat á framgangi rekstrar- og starfsáætlunar. Starfsfólk var upplýst um stöðuna hverju sinni. Ekki hefur tekist að ná settum markmiðum í pappírs og ljósrítunarkostnaði skólans. Rekstrarárið 2014 kom vel út en fjárhagsáætlun skólans stóðst að mestu.

#### **Mat**

Rekstur skólans hefur verið mjög góður en bæta má meðvitund starfsmanna og nemenda um gildi sjálbærrar þróunar. Draga þarf úr ljósrítunarkostnaði og pappírnotkun.

## 6. Viðfangsefni matsteymis

## Viðfangsefni matsteymis 2015-16

Viðfangsefni	Markmið	Matsspurning	Viðmið	Hvenær á markmiði að vera náð
A. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	A1 Velliðan nemenda	Líður nemendum almennt vel í skólanum?	90%	Maí 2016
	A2 Ekkert einelti	Sýna kannanir að einelti innan skólans sé óverulegt eða ekkert?	Einelti í skólanum < 5%	Maí 2016
B. Nám og námsárangur	B1 Góð og árangursrík kennsla í íslensku, stærðfræði og ensku	Er kennsla í námsgreinum samræmdra könnunarprófa að skila nem. Álfhólsskóla viðunandi árangri miðað við landsmeðaltal?	Árangur nemenda jafn góður eða betri samanborið við aðra skóla.	Sept 2015
C. Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	C1 Ánægja með kennsluna almennt	Hver er sýn nemenda og foreldra á nám og kennslu í Álfhólsskóla?	Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum skólaþings, stefnumótunardeggi og opnum svörum Skólapúlsins.	Maí 2016
	C2 Ánægja með þemadaga/heilsudaga/vordaga	Hvað finnst nemendum um þemadaga/heilsudaga/vordaga og aðra „óhefðbundna“ skóladaga?	Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum skólaþings	Maí 2016
	C3 Jákvæður agi	Finnst nemendum góður agi í kennslustundum í Álfhólsskóla?	Vera á eða yfir landsmeðaltali miðað við niðurstöður Skólapúlsins.	Maí 2016
	C4 Hæfilegt heimanám	Eru nemendur, foreldrar og kennarar ánægðir með skipulag og framkvæmd á heimanámi í Álfhólsskóla?	Vera á eða yfir landsmeðaltali miðað við niðurstöður Skólapúlsins.	Maí 2016
	C5 Ánægja með þjónustu við nemendur innan skólans og umgengni	Hvað finnst nemendum um aðstöðu og umgengni í skólanum?	Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum skólaþings og opnum svörum skólapúlsins	Maí 2016
	C6 Ánægja með skólareglur og góð hegðun nemenda	Hvað finnst nemendum um hegðun nemenda, skólareglur og viðurlög?	Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum skólaþings og opnum svörum skólapúlsins	Maí 2016

D. Stjórnun skólans	D1 Ánægja með stjórnun skólans	Hversu ánægðir eru starfsmenn með gæði stjórnunnar?	Vera á eða yfir landsmeðaltali miðað við niðurstöður starfsmannakönnunar.	Maí 2016
E. Aðbúnaður skólans	E1 Ánægja með aðstöðu starfsfólks í skólanum	Hversu ánægðir eru starfsmenn með aðstöðu í skólanum?	Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum starfsmannakönnunar og í rýnihópum	Maí 2016
F. Viðmót og menning skóla	F1 Ánægja með skólann	Hversu ánægðir eru nemendur með samskipti starfsfólks við nemendur?	Vera á eða yfir landsmeðaltali miðað við niðurstöður Skólapúlsins. Almenn ánægja komi fram í niðurstöðum skólapiings	Maí 2016
G. Samstarf heimila og skóla	G1 Nægileg upplýsingamiðlun til foreldra	Hversu tíð er upplýsingamiðlun til foreldra?	Almenn ánægja komi fram meðal foreldra á stefnumótunardegi	Maí 2015
	G2 Foreldrar hafi áhrif á áherslur skólans	Hvaða áherslur vilja foreldrar að Álfhólsskóli setji sér varðandi heimanám og skólanámskrá?	Foreldrar komi með ábendingar á Stefnumótunardegi	Maí 2016
H. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	H1 Ánægt starfsfólk	Er starfsfólk Álfhólsskóla ánægt með vinnustaðinn sinn?	Vera á eða yfir landsmeðaltali miðað við niðurstöður Skólapúlsins.	Maí 2016
I. Umbótaáðgerðir og þróunarstarf	I1 Bættur lestrarárangur nemenda vegna <i>Læsis</i>	Eru nemendur í 1. – 7. bekk að sýna bættan árangur í lestri sem rekja má beint til þróunarverkefnisins <i>Læsi</i> ?	Bættur árangur einstaklings í læsi.	Maí 2016



## 7. Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðgerðir og framkvæmd matsins 2015-16							
Markmið	Upplýsingar fengnar frá:	Aðferðir við gagnaöflun	Hver safnar	Hefst	Lýkur	Úrvinnsla	Greining
A1 Velliðan nemenda	NEM 1. – 10. B	Rafræn könnun	Saman í sátt-teymi Skólapúlsinn	Sept 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining
	NEM – 6.- 10.b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sept 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining
A2 Ekkert einelti	NEM – 1.- 10. b	Rafræn könnun	Saman í sátt-teymi	Okt 2015	Okt 2015	Matsteymi	Töluleg greining
	NEM – 6.- 10.b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining
B1 Góð og árangursrík kennsla í íslensku, stærðfræði og ensku	NEM – 4., 7. og 10. bekkur	Samræmd könnunarpróf	Námsmatsstofnun	Sep 2015	Sept 2015	Matsteymi	Töluleg greining
C1 Ánægja með kennsluna almennt	NEM – 6.- 10. Bekkur FOR	Rafræn könnun Skólalaping	Skólapúlsinn Stjórnendur	Sep 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining Opin og markviss kóðun
C2 Ánægja með þemadaga/heilsudaga/vordaga	NEM – 7.- 10. Bekkur	Skólalaping	Stjórnendur	Maí 2016	Maí 2016	Matsteymi	Opin og markviss kóðun
C3 Jákvæður agi	NEM – 6.- 10. b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining
C4 Hæfilegt heimanám	NEM – 6.- 10. B	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining
C5 Ánægja með þjónustu við	NEM – 7.-	Rafræn könnun	Stjórnendur	Maí 2016	Maí 2016	Matsteymi	Opin og

nemendur innan skólans og umgengni	10.b	Stefnumótunardagur					markviss kóðun
C6 Ánægja með skólareglur og góð hegðun nemenda	NEM – 7.- 10.b	Stefnumótunardagur	Stjórnendur	Maí 2015	Maí 2015	Matsteymi	Opin og markviss kóðun
D1 Ánægja með stjórnun skólans	Allir starfsmenn	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Mars 2016	Mars 2016	Matsteymi	Töluleg greining
E1 Ánægja með aðstöðu starfsfólks í skólanum	Allir starfsmenn	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Mars 2016	Mars 2016	Matsteymi	Töluleg greining
F1 Ánægja með skólann	NEM – 6.- 10. B	Rafræn könnun Skólalæsing	Skólapúlsinn Stjórnendur	Sep 2015	Maí 2016	Matsteymi	Töluleg greining Opin og markviss kóðun
G1 Nægileg upplýsingamiðlun til foreldra	FOR -1.- 10. b	Stefnumótunardagur	Stjórnendur	Maí 2016	Maí 2016	Stjórnendur og matsteymi	Opin og markviss kóðun
G2 Foreldrar hafi áhrif á áherslur skólans	FOR -1.- 10. b	Stefnumótunardagur	Stjórnendur	Maí 2016	Maí 2016	Stjórnendur og stjórnendur	Opin og markviss kóðun
H1 Ánægt starfsfólk	Allir starfsmenn	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Mars 2016	Mars 2016	Matsteymi	Töluleg greining
I1 Umbótaáðgerðir og þróunarstarf	Allir nemendur í 1.- 7. bekk í læsi. / 4. 7. og 10. bekkur	Skimanir og samræmd próf	Læsissteymi og námsmatsstofnun	Sep 2015	Maí 2016	Læsissteymi Stjórnendur	Töluleg greining

## 8. Lokaorð

Hér hefur verið lagt mat á ýmsa þætti er varða starfið í Álfhólsskóla skólaárið 2014 – 2015. Niðurstöður gefa til ynnna að foreldrar séu almennt ánægðir með stjórnun í skólanum og starfsmenn telja að stjórnendur styðji vel við bakið á starfsfólki. Stjórnendur þurfa aftur á móti að vera sýnilegri og aðgengilegri. Auk þess kemur fram að starfsmenn vilja hafa meiri tækifæri til áhrifa varðandi eigin störf og skólastarfið í heild sinni.

Misræmi er milli þess hvaða þætti skólastarfsins foreldrar telja sig hafa mestu áhrifin á og hvaða þætti þeir vilja hafa áhrif á. Þörf er á að rýna í þetta og leita leiða til efla áhrifamátt foreldra á ákvarðandir varðandi nemendur þar sem við á.

Aðstöðu fyrir kennara í Álfhólsskóla er ábótavant. Bæta þarf aðgang og aðbúnað á skólasafni og í tölvuveri. Allir þurfa að ganga betur um, nemendur og starfsfólk.

Líðan nemenda í Álfhólsskóla er mjög góð miðað við landsmeðaltal en þó má alltaf gera betur. Dregið hefur verulega úr einelti í Álfhólsskóla en mikilvægt er að sinna áfram eftirfylgni við einstök eineltismál og samskiptavanda. Einelti virðist tíðara meðal drengja og er þörf á að rýna í hvað veldur og hvernig bregðast megi við þessu. Ekki eru öll eineltismál tilkynnt og er nauðsynlegt að brýna mikilvægi tilkynninga fyrir foreldrum og nemendum svo vinna megi með málin. Niðurstöður foreldrakannanar og nemendakannanna gefa misvísandi skilaboð um umfang eineltis í Álfhólsskóla. Mikilvægt er að skoða hvað veldur. Viðhorf nemenda gagnvart einelti er almennt neikvætt en þörf er á að efla neikvætt viðhorf enn frekar, sérstaklega á unglíngastigi. Draga þarf úr kynþáttafordómum í skólanum og efla fjölmenningsfræðslu. Niðurstöður gefa til kynna að þörf sé á að efla ábyrga netnotkun nemenda og kenna þeim hvernig megi nýta tæknina á jákvæðan hátt í samskiptum, námi og skipulagi.

Starfsfólk Álfhólsskóla hefur margt gott fram að færa. Þörf er á að efla góðan starfsanda og starfsánægju. Huga þarf að líðan starfsfólks, sérstaklega þeirra sem sinna að mestu kennslu. Fyrst og fremst þarf allt starfsfólk skólans að leggja áherslu á að efla jákvæðni og gleði í starfi. Einelti meðal starfsmanna hefur aukist og er brýnt að bregðast við þessu.

Kennsluhættir og námsmat er að verða fjölbreyttara en enn má gera betur. Halda þarf áfram þróun á fjölbreyttum kennsluháttum. Þörf er á að efla gagnkvæma virðingu nemenda og starfsfólks. Auka má jafnréttisfræðslu. Brýnt er að hvetja nemendur til ábyrgar netnotkunnar á jákvæðan hátt og fræða nemendur fyrr en síðar um hættur og möguleika Internetsins. Nemendur telja nám í Álfhólsskóla almennt ekki vera einstaklingsmiðað. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu.

Nám og kennsla í Álfhólsskóla hefur skilað árangri ef marka má frammistöðu nemenda í 4., 7. og 10. bekk í samræmdum prófum sem var að mestu um og yfir landsmeðaltali. Verkefnið *læsi* hefur gengið vel og skilað góðum árangri auk þess sem það hefur vakið ánægju meðal kennara og nemenda.

Rekstur skólans hefur verið mjög góður en bæta má meðvitund starfsmanna og nemenda um gildi sjálbærrar þróunar. Draga þarf úr ljósritunarkostnaði og pappírnotkun.

Álfhólsskóli virðist hafa skilað megin markmiðum sínum um að sinna menntun, styðja við sjálfstæði nemenda og ánægju en mikilvægt er að nýta niðurstöður matsins til þess að bæta þá

vankanta sem í ljós hafa komið og efla enn frekar þá jákvæðu þætti skólastarfs sem Álfhólsskóli býr vissulega yfir.



## Hlutverk Álfhólsskóla

Að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

### Menntun – Sjálfstæði – Ánægja

Skólasamfélagið

Ánægðir nemendur

Sjálfstæðir og ábyrgir nemendur

Góð tengsl og samvinna heimila og skóla

Góð tengsl og samvinna við skólasamfélagið

Innra starf

Nám við hæfi hvers og eins

Skapandi skólastarf með fjölbreyttum kennsluaðferðum

Fjölbreytt námsmat

Skilvirk ferli

Mannauður

Vel menntaðir og hæfileikaríkir starfsmenn

Virk sí- og endurmenntun

Ánægðir og jákvæðir starfsmenn

Fjármál

Góð og hagkvæm nýting fjármuna

Vistvænn rekstur

## Umbótaáætlun Álfhólsskóla 2015 - 2016

	Markmið:	Mælikvarði:	Hefst:	Lýkur:	Viðmið:	Aðgerðir:
<b>Skólasamfélagið</b>	Að nemendur sýni jákvæðni, gleði, líði vel og séu virkir í skólastarfi	Foreldraviðtölum, skólapúls, skólaþing og viðhorfskannanir.	Haust 2011	Vor 2016	95% nemenda og foreldra telji að svo sé.	Endurskipuleggja skólalóð, samverustundir, útileiki, frímínútur, vinaliðar o.fl.
	Að bæta líðan nemenda og öryggi í skólanum og að vinna gegn einelti.	Skólapúlsinn, skólaþing og tengslakannanir.	Haust 2011	Vor 2016	90% nemenda og foreldra telji að svo sé.	Hafa reglulega bekkjarfundi. Saman í sát- og vinabekkjadagar. Vera með skýra umfjöllun um einelti og samskiptavanda. Kynna reglulega niðurstöður kannana.
	Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir.	Skólapúlsinn.	Haust 2012	Vor 2016	Skólinn sé vel yfir landsmeðaltali.	Nemendur geri áætlanir, meti sig sjálfir og taki þátt í stefnumótunardegi.
	Bæta umgengni nemenda og starfsfólks í skólanum.	Skólapúlsinn. Stefnumótunardagur	Haust 2011	Vor 2016	Betri umgengi.	Nálgast nemendur og starfsmenn með uppörvun og hvatningu.
	Álfhólsskóli verði heilsueflandi skóli	Gátlisti frá Landlæknisembætti	Haust 2013	Vor 2016	Skólinn uppfylli öll skilyrði heilsueflandi skóla	Faghópur sem stýrir vinnunni.
	Að efla samstarf og samvinnu heimilis og skóla og stuðla að gagnkvæmu trausti.	Stefnumótunardagur	Haust 2011	Vor 2016	Almenn ánægja foreldra með samstarf og samvinnu	Auka aðgengi foreldra að skólanum og bjóða upp á fræðsluerindi varðandi skólastarfið. Opnir dagar í skólanum tvisvar á ári.
	Að efla tengsl milli leik- og framhaldsskóla og stuðla að heildstæðu námi barnanna.	Metið af stjórnendum grunn-, leik- og framhaldsskóla og námsráðgjöfum.	Haust 2011	Vor 2016	Aukning á samstarfi.	Fundir með leik- og framhaldsskólum.
<b>Innra mat</b>	Að nemendur fái nám við hæfi hvers og eins út frá forsendum og getu.	Viðhorfskannanir, rýnihópar og stefnumótunardagur.	Haust 2011	Vor 2016	90% nemenda telji að svo sé.	Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir og áætlanir við hæfi hvers og eins. Þróunarverkefni fyrir námsfús börn á miðstigi.
	Að efla færni kennara í fjölbreyttum kennsluaðferðum samkvæmt nýrri Aðalnámsskrá.	Viðhorfskannanir og stefnumótunardagur.	Haust 2011	Vor 2016	90% nemenda og kennara telji að svo sé.	Afmarkaður tími ætlaður í kennsluþróun kennara vikulega. Kennarar miðli kennsluaðferðum og hugmyndum til samkennara.

	<b>Að þróa matsaðferðir samkvæmt nýrri Aðalnámsskrá.</b>	Viðhorfskannanir og stefnumótunardagur.	Haust 2011	Vor 2016	Innleiða nýtt námsmat samkvæmt Aðalnámsskrá.	Stofnaður faghópur um námsmat stýrir þróunarvinnu.
	Að efla sköpun og frumkvæði	Viðhorfskannanir og stefnumótunardagur.	Haust 2011	Vor 2016	Almenn ánægja sé meðal nemenda og foreldra telji að svo sé.	Fjölbreytt námsframboð í bóklegum greinum jafnt sem list- og verkgreinum og færnimiðað nám. Auka val nemenda á öllum stigum.
	Að fara yfir heimanám á öllum stigum.	Viðhorfskannanir og stefnumótunardagur.	Haust 2011	Vor 2016	Almenn ánægja sé með heimavinnustefnu skólans.	Skólinn setji sér stefnu í heimanámi nemenda og samræmingu út frá hugmyndum foreldra, starfsmanna og nemenda á stefnumótunardegi.
	Að fara yfir verkferla, áætlanir og gátlista skólans.	Tengslakannanir, skólapúls og viðhorfskannanir.	Haust 2011	Vor 2016	Bæta og lagfæra alla verkferla skólans.	Farið yfir verkferla og vinnuáætlanir skólans.
<b>Mannaður</b>	Efla gæði stjórnunnar	Rýnihópar og viðhorfskönnun	Haust 2011	Vor 2016	Almenn ánægja	Að stjórnendur séu aðgengilegir starfsmönnum. Farið yfir skipurit skólans og hver er næsti yfirmaður starfsmanna. Starfsmenn fái uppbyggilega gagnrýni og stuðning í starfi
	Að hafa vel menntaða og hæfileikaríka starfsmenn með fjölbreytta og falega þekkingu.	Atvinnuviðtöl og viðhorfskönnun	Haust 2011	Vor 2016	98% starfsmanna fagmenntaðir.	Vel menntaðir kennara, fjölbreytt símenntun og teymisvinna í kennsluleiðum og áherslum.
	Að kennarar sækji sér markvissa símenntun.	Starfsmannaviðtöl.	Haust 2011	Vor 2016	90% starfsmanna sækji endurmenntun.	Kennarar skili endurmenntunaráætlun til skólastjórnenda. Stjórnendur hvetji og stuðli að símenntun þeirra.
	Að starfsmönnum líði vel þeir séu jákvæðir og finni fyrir og sýni traust og virðingu.	Viðhorfskönnun og rýnihópar.	Haust 2011	Vor 2016	90% starfsmanna telji að svo sé.	Hafa starfsmannasamtöl snemma á vorin og nýta þau betur. Hvetja og hrósa. Góð vinnuaðstaða. Þórkatla Aðalsteinsdóttir kemur með fræðsluerindi um samskipti og líðan. Unnið að heilsueflandi skóla.
	Efla mat og endurgjöf til kennara	Rýnihópar.	Haust 2011	Vor 2016	Almenn ánægja	Að stjórnendur og/eða samkennarar fylgist með kennslustundum og gefi mat og endurgjöf á kennslu.
	Að efla samstarf og jákvæðan vinnuanda meðal starfsmanna.	Viðhorfskannanir, rýnihópar.	Haust 2011	Vor 2016	90% starfsmanna telji að svo sé.	Öflugt starfsmannafélag. Hópefli. Klúbbastarf og fleira.
	Að starfsmenn séu ánægðir og stoltir af skólanum.	Viðhorfskannanir, rýnihópar.	Haust 2011	Vor 2016	90% starfsmanna telji að svo sé.	Halda áfram að vinna faglega að uppbyggingu nýs skóla.



<b>Fjármál</b>	Að draga úr ljósritun og spara þannig fjármuni og ná fram sparnaði með hagkvæmari innkaupum	Niðurstöður úr bókhaldskerfi Kópavogsbæjar.	Haust 2011	Vor 2016	Að fjárhagsáætlun standist.	Sundurgreina ljósritunarkostnað og bera saman kostnað við ljósritun við kaup á námsbókum / námsefni og bókakaup ef kostur er. Ljósrita og gera varanlegan gagnagrunn í námsefni sem notað er af netinu og geyma á bókasafni. Halda uppi virkri umræðu til að auka kostnaðarvitund starfsfólks á hinum ýmsu sviðum rekstar. Fá hugmyndir frá starfsfólki um hvernig mætti spara í innkaupum.
	Að virkja meðvitund allra starfsmanna og nemenda um mikilvægi þess að flokka rusl og stuðla að vistvænum rekstri.	Grænfáninn og mæling á orkunotkun.	Haust 2011	Vor 2016	Að fjárhagsáætlun standist.	Markviss vinna að Grænfánanum með þátttöku í verkefninu „Skóli á grænni grein“. Mótun nýrrar umhverfisstefnu skólans. Markviss fræðsla um ávinning skólans og samfélagsins við að flokka pappír og úrgang. Minnka pappírnotkun.